



Orkumótið í Eyjum

2020

Mótsstjórn

Sigríður Inga – mótssjóri

Hörður Orri – framkvæmdastjóri ÍBV

Arnar Gauti – starfsmaður

Sigfús Gunnar – gjaldkeri

Óskar Zoega – dómaraastjóri



Afhending mótsgagna

- Afhending mótsgagna fer fram á bryggjunni, starfsmaður mótsins verður þar hjá rútunum.
- Gjafir verða afhentar í félagsheimili ÍBV í Týsheimilinu. 1-2 fulltrúar frá hverju liði sækja þær á miðvikudaginn, fljótlega eftir komuna til Eyja.
- Öll félög mæta með félagsfána síns félags og flagga honum sjálf á fánstangir við Týsvöll, og taka hann svo niður áður en haldið er heim á leið.

Gisting

- Gist verður í Barnaskóla, Hamarsskóla, Framhaldsskólanum, Listaskóla, Kviku, Kiwanis og Safnaðarheimilinu
- Aðeins þeir sem eru með armbönd geta fengið að fara inn, líka þegar verið er að koma keppendum fyrir
- Skólanum verður hólfaskipt þar sem hvert hólf notar ákveðinn inn/útgang, sjá mynd í fararstjóramöppu
- Ekkert sameiginlegt rými verður þar sem hægt verður að gefa iðkendum nesti
- Ekki er hægt að vera með samlokugrill/brauðrist/vöfflujárn inni í stofunum þar sem rafmagnið slær þá út og brunakerfi fer í gang
- Við mælum með að þið útbúið nestið með vefjum, flatkökum, skinkuhornum, ostaslaufum, pizzasnúðum, bananabrauði, kleinum, jógúrti, skyrdrykkjum, ávöxtum, boozt ofl.

Gisting

- Hjálpumst að við að ganga vel um skólana
- Allir þurfa að fara úr skóm í anddyri
- Í skólunum er vakt frá 8:00 til 23:00
- Allt á að vera hljótt í skólum eftir kl. 22:00
- Skólunum er læst kl. 23:00
- Hægt að vera á gististöðum þar til farið er í Herjólf
- Við erum með kæligám við Týsheimilið fyrir þá sem þurfa að koma vörum í kæli. Númerið á lásnum er: 2861

Keppnissvæði

- Hólf verða við hvern völl þar sem áhorfendum gefst kostur á að virða 2ja metra regluna
- Við Hásteinsvöll er aðeins leyfilegt að sitja í stúkunum sitthvoru megin við völlinn, ekki er leyfilegt að fara inn á völlinn
- Við biðjum áhorfendur um að færa sig af áhorfendavæðinu eftir að liðið þeirra hefur lokið keppni til að hleypa áhorfendum í næsta leik að
- Keppt er á Týsvelli, Þórsvelli, Hásteinsvelli, Herjólfs höll og Helgafellsvelli




Fyrirkomulagið

- Notumst við sama leikjafyrirkomulag og síðustu ár
- Raðast í nýja riðla eftir daginn og jafnast þá leikirnar
- Biðjum liðstjóra að fylgjast með þeim úrslitum sem fara inn á síðuna okkar orkumotid.is
- Ef leiðréttta þarf úrslit þá þarf að koma þeim skilaboðum til Sigfúsar eins fljótt og auðið er í síma 481-2060 (2) eða sigfus@ibv.is
- Við stefnum á að vera búin að raða upp næsta degi klukkustund eftir síðasta leik á fimmtudag og föstudag.

Vellirnir

- Aðeins einn frá hverju liði á hliðarlínunni
- Notið box fyrir skiptimenn og liðsstjóra
- Fyrir leik safnast leikmenn sitt hvoru megin við markið fjær áhorfendum og labba þannig inn á völlinn með dómurum
- Á völlum eru starfsmenn sem hafa það hlutverk að:
 - Koma með úrslitin í hús
 - Vera með vestri
 - Passa upp á boltana



Dómararar

- Sumir hverjir eru að stíga sín fyrstu skref
- Kennum strákunum að bera virðingu fyrir dómurunum
- Ræðið við foreldra varðandi framkomu við dómara
- Ekki skammast í dómurunum á vellinum
- Komið til okkar með ábendingar

Umferð


- Bannað er að leggja meðfram Týsvelli og Hásteinsvelli, bendum á bílastæði við sundlaug/íþróttahúsið, Þórsvöll og skólana
- Ekki má keyra inn á skólalóðirnar en nóg er af stæðum við skólana
- Bannað er að nota bílastæðin sunnan megin við Hamarsskóla
- Nýtið bílastæðin við Höllina en ekki leggja með götunni
- Notið bílastæðin fyrir neðan Höllina þegar er verið að skutla í mat (vegslóði)
- Lögreglan vill minna á að virða umferðarreglur.

Matur

- Morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur er í Höllinni
- **Aðeins þeir sem eru með armband geta komið inn í Höllina**
- Biðjum ykkur um að virða tímasetningar sem búið er að úthluta félögum, sjá í fararstjóramöppu
- Grillveisla á laugardag - grillað verður á 3 stöðum og eiga félögin að fara á fyrirfram ákveðna grillstöð, sjá í fararstjóramöppu
- Frostpinni sem gefinn hefur verið eftir kvöldvöku, verður afhentur eftir mat á föstudagskvöld í Höllinni

Rútuferðir

- Ein rúta sem gengur í hring á matmálstímum
- Stoppar við íþróttahús, við Helgafellsvöll, við Höllina og gatnamótunum á Heiðarvegi og Hásteinsvegi



Sund

- Allir að fara á sama tíma, eftir leiki dagsins
- Geta myndast biðraðir, verum þolinmóð
- Til að allir geti komist í laugina þá biðjum við ykkur um að vera ekki lengur en 40 mín með hópinn

Kvöldvaka/Lokahóf

- Kvöldvaka og lokahóf verða í íþróttamiðstöðinni
- Takmarkað aðgengi fullorðinna, **aðeins þeir sem eru með armband**
- Kvöldvaka – brekkusöngur og BMX Brós
- Lokahóf með óbreyttu sniði

Landsleikur

- Landsleikur verður á Hásteinsvelli – tveir leikir samtímis
- Takmarkað aðgengi fullorðinna, aðeins þeir sem eru með armband ásamt þeim foreldrum sem eiga stráka sem eru að keppa leikinn
- Þjálfarar fá sendan link í tölvupósti til að tilnefna í landsleikinn
- Skila fyrir kl. 13:00 á föstudag
- Ekki tilkynna leikmanni fyrr en þið hafið fengið staðfestingu frá okkur
- Leikmönnum er raðað handahófskennt í liðin
- Milli kl. 16:30-17:30 kemur einn fulltrúi frá hverju félagi á skrifstofuna og sækir búning fyrir sinn keppanda
- Keppendur mæta tilbúnir í búning kl. 18:00 í stóra salinn í Týsheimilinu, þar fara keppendur í myndatöku og hitta þjálfara (foreldrar geta ekki komið með)
- Við óskum eftir því að þjálfarar frá Grindavík, FH, Njarðvík og Þrótti R. taki að sér að stjórna leikjunum



Úrslitaleikur

- Úrslitaleikur verður á Hásteinsvelli
- Takmarkað aðgengi fullorðinna, aðeins þeir sem eru með armband ásamt þeim foreldrum sem eiga stráka sem eru að keppa leikinn
- Að öðru leyti verður hann með hefðbundnu sniði
- Eftir úrslitaleikinn verða þátttökupeningarnir afhentir
- Strax eftir það verður grill á 3 stöðvum, fyrirfram ákveðið á hvaða stöð félögin fara, skoðið í fararstjóramöppu

Myndataka

- Jói frá SportHero verður á svæðinu líkt og undanfarin ár
- Þeir sem vilja ekki að tekin verði mynd af barninu sínu þurfa að senda póst á afskraning@sporthero.is og tilgreina nafn barns, lið, númer á treyju og leiktíma
- Myndir eftir fyrsta daginn verða til sýnis og sölu í stóra salnum í Týsheimilinu föstudag og laugardag – myndunum verður raðað upp eftir því á hvaða velli þær eru teknar
- Myndataka fyrir liðin verður á föstudag kl. 9:00-17:00 við sundlaugina – ekki verður boðið uppá myndatöku af liðunum með foreldrum
- Frekari fyrirspurnir um myndatöku johann@sporthero.is eða hringja í síma 662-1111
- Allar upplýsingar á www.sporthero.is



Fimmtudagur

- Byrjum að spila stundvíslega kl. 8:20
- Matartímar 11:30-13:45 og svo 16:30-18:10
- Mæting í skrúðgöngu kl. 18:15 við Barnaskóla
- Skrúðgangan leggur af stað kl. 18:30 stundvíslega!
- Setningarathöfn á Týsvelli/Hásteinsvelli
- Stöð 2 Sport verður með leik á Týsvelli þar sem gamlar kempur mætast, nýr þáttur sem verður svo sýndur á Stöð 2 Sport
- Fararstjórafundur er strax að leik loknum í Týsheimilinu

Föstudagur

- Byrjum að spila stundvíslega kl. 8:20
- Matartímar 11:30-13:45 og svo 16:30-18:10
- Skila inn tilnefningum fyrir landslið - Pressa kl. 13:00
- Landslið - Pressa kl. 18:30 á Hásteinsvelli
 - Leikmenn mæta kl. 18:00 tilbúnir í búning í Týsheimilið
- Brekkusöngur og BMX Brós kl. 19:30-20:30, verðum úti ef veður leyfir

Laugardagur

- Spilum þrjár umferðir frá kl. **8:00-13:00**
- Hádegismatur frá kl. 11:30 til 14:00
- Jafningjaleikir eru spilaðir frá kl. 14:00 til 15:30
- Bikarúrslitaleikir hefjast kl. 15:30
- Úrslitaleikur um Orkumótsbikarinn kl. 16:00 á Hásteinsvelli
- Viðurkenningarpeningar afhentir á Hásteinsvelli kl. 16:30
- Grillveisla við Týsheimili kl. 17:00
- Lokahóf í Íþróttamiðstöð kl. 17:30



Afþreying

Það er hægt að gera ýmislegt á milli leikja hér í Eyjum

- Eldheimar - frítt fyrir keppendur en borga þarf fyrir fullorðna
- Sagnheimar – frítt fyrir keppendur en borga þarf fyrir fullorðna
 - Landlyst
 - Náttúrgripasafn
- Sea Life Trust – mjaldrarnir Litla hvít og Litla grá
- Sprangan
- Herjólfsdalur
- Stakkó – hoppudýna
- Fjallganga
- Frisbígolf
- Volcano ATV – fjórhjólaferðir
- Kayak & Puffins – kayakferðir í Klettshelli

Covid-19

- Fjölgað verður á vöktum í gistingu, mat, veitingasölu og afþreyingu til að geta aukið þrif og sótthreinsun á snertiflötum
- Allur búnaður verður þrifinn reglulega
- Spritt verður aðgengilegt í öllum byggingum og ætti að vera staðalbúnaður hjá öllum félögum
- Ef þið eruð með einhver einkenni covid-19, vinsamlegast verið heima
- Virðum þá sem vilja halda 2ja metra fjarlægð
- Við erum öll almannavarnir!
- Ef grunur leikur á því að þátttakandi í mótinu sé með covid þá ber að hafa samband við mótsstjórn sem kemur viðkomandi í farsóttarhús. Haft verður samband við heilsugæsluna sem metur það hvort taka eigi sýni. Viðkomandi verður í framhaldinu að fara heim til sín með Herjólfu.



Að lokum...

- Munið að kjósa áður en þið komið – forsetakosningar 27. júní
- Hvetjum liðið ekki einstaklinginn
- Tölum fallega um andstæðinginn
- Verum jákvæð og munum að við erum fyrirmyndir iðkendanna
- Fylgjast vel með á FB og á orkumotid.is
- Nýtum #orkumotid ef við erum að taka myndir
- Mótið er fyrst og fremst fyrir strákana, hjálpumst að við að gera mótið að ógleymanlegri upplifun eftir erfiða tíma!

